

Aðalfundur foreldra- og hollvinafélags ME

Dags; 30.8.2022, kl. 18:40

Fundarstjóri: Árni Ólason skólameistari, Fundarritari: Björgvin Steinar

Fundað í fyrirlestrarsal ME.

Dagskrá

Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Árni Óla fundarstjóra og Björgvin Steinar fundarritari.

Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi samtakanna.

Foreldra- og hollvinafélag ME

Stofnað 2003

Félagið er samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og nemenda við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Tilgangur félagsins er meðal annars að auka stuðning og hvatningu foreldra við börn sín og námið.

Félagið er bakhjarl skólans og vill efla áhrif foreldra sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu hans. Samstarf heimilis og skóla eflir einnig markvisst forvarnarstarf gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna og styður við mótun á jákvæðum lífsstíl nemenda.

Skýrsla stjórnar veturinn 2021-2022

Haldnir fundir og skemmtana málefni nemenda ME rædd,

Formaður nemendaráðs mætti á flesta fundi og fór yfir stöðu félagslífsins.

Á einum fundinum fengum við lögregluþjón í heimsókn þar sem farið var yfir einkenni þeirra sem eru undir áhrifum fíkniefna og þau mál rædd.

Lítið var um skemmtana hald vegna covid takmarkana og litaði það síðasta vetur. En árshátíð var haldinn í Valaskjálfi sem fór vel fram. (mættu nokkrir úr félagi til að aðstoða við frágang að lokinni skemmtun)

Stór hópur nemenda kaupir græna miða á skemmtanir og blása sig inn og fara þá í edrú pott.

Í maí síðastliðin veitti félagið 16 nemendum gjafakort að inneign 10 þús hvert, en þau höfðu mætt á alla viðburði skólaársins og blásið sig inn.

Þess má geta að á busaball sem haldið var 26.ágúst síðastliðinn blésu sig 64 nemendur inn.

Mætti taka til umræðu hvort efla megi foreldra rölt.

-Tekjulind félagsins er sú að við sendum foreldrum nemenda greiðsluseðil í banka, sem er valgreiðsla að upphæð 1500.

-Vantar 2 stjórnarmenn og köllum við eftir því hér með.

30.8.2022 Fjóla Orra

Ársreikningar.

Steinunn fór yfir ársreikning, tekjur ársins voru 143.566 kr. sem samanstendur að mestu leyti á framlögum frá foreldrum. Gjöld ársins voru 176.954 kr. Edrúpottur langstærsti liðurinn.

Efnahagsreikningur stendur í 207.599 kr.

Árgjald 1.500 kr. verður óbreytt.

Sendar eru valgreiðslur í heimabanka forráðamanna nemenda.

Reikningur lagður fram til samþykktar og samþykktur samhljóða með handauppréttingu.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Engar umræður.

Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lagðar fram.

Starfsáætlun lögð fram til kynningar og afgreiðslu.

Boðað til fundar annan þriðjudag í mánuði tvisvar til þrisvar á önn. Nánari starfsáætlun gerð á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

Kosning stjórnarmanna.

Kosið í stjórn til tveggja ára í senn og núverandi stjórnarmenn voru allir kosnir á sl. aðalfundi.

Núverandi stjórn; Formaður - Fjóla Orradóttir, Gjaldkeri – Steinunn Snædal, Ritari - Björgvin Steinar,

Meðstjórnendur – Þórunn Björg, Varamenn engir

Fulltrúi í skólanefnd ME – Fjóla Orradóttir

Núverandi stjórn heldur áfram fyrir utan Þórunni Björg. Óskað eftir tveimur meðstjórnendum.

Elsa Sigrún Elísdóttir biður sig fram (að henni óviðstaddri) og er það samþykkt.

Eygló Björg Jóhannsdóttir biður sig fram og er það samþykkt.

Kosning skoðunarmanna reikninga

Magnús Jónsson, lögg. endurskoðandi – Samþykkt.

Önnur mál

Foreldrar bentu á að það væri gott að vita hvað rauðir og grænir ballmiðar eru áður en krakkarnir eru að kaupa sig á ball. En sl. föstudag var haldið ball og foreldrar nýnema ekki meðvitaðir um hvað rauður og grænn merkti.

Árni Óla kom inn á að skemmtanir NME eru áfengislausar skemmtanir og ekki gert ráð fyrir því að áfengi sjáist á nemendum. Skemmtanir á vegum NME eru á vegum skólans.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerðir eru vistaðar á slóðinni;

<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/foreldra-og-hollvinafelag-me>